



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 1. júlí, 2011

Ákvörðun nr. 22/2011

## **Samruni Ramma hf. og Primex ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Með bréfi, dags. 4. maí 2011, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Ramma hf. (Ramma) og Primex ehf. (Primex). Tilkynningin var svonefnd styttri tilkynning um samruna, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 31. maí 2011, var samrunaaðilum tilkynnt um að bréfið sem hafði að geyma tilkynningu um samruna Ramma og Primex væri ekki fullnægjandi sem styttri samrunatilkynning sbr. reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Með bréfi samrunaaðila, dags. 16. júní 2011, var bætt úr þeim ágöllum sem eftirlitið hafði talið vera á hinni fyrri tilkynningu.

Í máli þessu er um að ræða kaup Ramma á hlutafé í Primex. Fyrir átti Rammi nálægt helmingi hlutafjár í Primex en eftir að þessi hlutafjárkaup eru afstaðin nemur hlutafjáreign Ramma 50,35 % hlutafjár í félaginu og öðlast Rammi yfirráð yfir félaginu með viðskiptunum. Fram kemur í samrunatilkynningu að Rammi er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki á Siglufirði. Helstu afurðir fyrirtækisins eru fryst sjávarfang, s.s. sjófryst roðlaus og beinlaus þorsk- og ýsuflök, sjófrystur karfi, ufsi og grálúða, landfrystur humar, langlúra og skrápflök, og loks einfryst og lausfryst kaldsjávarrækja. Rammi selur afurðir sínar að nánast öllu leyti úr landi.

Rammi á hlut í fleiri fyrirtækjum en Primex. Þar má nefna að Rammi á allt hlutafé í Arctic Seafood Ltd., Bretlandi, en það félag sinnir sölu afurða Ramma. Þá á Rammi minnihluta í útgerðarfélagin Ráeyri ehf. og í félaginu Kristbjörg ehf. Rammi á enn fremur hluti í fleiri fyrirtækjum.

Primex er líftækniyrirtæki og nýsköpunaryrirtæki sem framleiðir kítín og kítósan úr úrgangi frá rækjuvinnslum. Efnið er m.a. notað í snyrtivörur, sáraumbúðir og sem fæðubótarefni. Hráefnið sem verksmiðja félagsins vinnur úr kemur frá rækjuverksmiðjum, þ.m.t. frá rækjuverksmiðju Ramma á Siglufirði. Fram kemur að Primex selur afurðir sínar að nánast öllu leyti úr landi.



## **II. Niðurstaða**

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða verði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Sá samruni sem hér um ræðir felur í sér að Rammi eignast ráðandi hlut í Primex. Primex er eins og áður segir fyrirtæki sem vinnur afurðir úr rækjuskel. Samkeppniseftirlitið hefur upplýsingar um að rækjuskeljar séu lítið nýttar hérlendis. Í flestum tilvikum er rækjuskelin urðuð sem úrgangur og getur flutningskostnaður af þeim sökum verið umtalsverður. Upplýsingar frá samrunaaðilum benda til að Primex sé eina fyrirtækið á landinu sem hirðir rækjuskel til úrvinnslu.

Rækjuskel fellur til við rækjuvinnslu. Á landinu starfa sex rækjuverksmiðjur, þar af ein á Siglufirði og önnur á Sauðárkróki. Auk þess starfa rækjuverksmiðjur í Grundarfirði, Hólmavík, Bolungarvík og Njarðvík. Gögn málsins benda til þess að rækjuverksmiðja Ramma vinni úr um það bil 5-15% af því magni, sem rækjuverksmiðjur hérlendis vinna úr að jafnaði á ári hverju.

Að öllu samanlögðu og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Ramma og Primex á grundvelli samkeppnislaga.

## **IV. Ákvörðunarorð:**

**„Með kaupsamningi, dags. 19. apríl 2011 keypti Rammi hf. aukið hlutafé í Primex ehf. og öðlast með kaupunum yfirráð yfir Primex ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Ramma hf. og Primex ehf.“**

Páll Gunnar Pálsson